

**Nr. 17-183 S 133 Sindri VE 60*****Skipverji slasast við fall***

*Skipaskr.nr.* 1274  
*Útgerð:* Vinnslustöðin hf.  
*Smíðaður:* Japan, 1972, stál  
*Stærð:* 582,96 brl. 849,03 bt.  
*Mesta lengd:* 57,89 m *Skráð lengd:* 53,68 m  
*Breidd:* 9,50 m *Dýpt:* 6,50 m  
*Vél:* Niigata, 1691 kw, 1988  
*Fjöldi skipverja:* 15



Sindri © Óskar Friðriksson

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Málið afgreitt á fundi 29. janúar 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 18. október 2017 var Sindri VE 60 á togveiðum á suðvesturmiðum. Veður: ASA 17 m/s.

Skipverji var við vinnu í lest þegar hann féll og tagnaði á hendi.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipverji stóð ofan í tómu fiskikari og var að ísa yfir;
- að skipverjinn rann til í veltu og greip með hendinni í annað fiskikar.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.

***Sérstök ábending:***

Talsvert hefur verið um slys í tengslum við vinnu í lest þegar unnið er í körum. Þegar hafa komið fram lausnir til að auka öryggi þeirra sem vinna við þessar aðstæður. Þar má nefna palla úr riffluðu áli sem settir eru á karabrunir og einnig er hægt að sníða til rifflaðar grindur til að setja í botn kara. Nefndin hefur vitneskju um að þessar lausnir séu notaðar um borð í nokkrum skipum með góðum árangri. *Sjá myndir á næstu síðu.*

